

Uppboðsafsal uppboðsdóms Reykjavíkur 21. nóvember 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 21. nóvember, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur í Austurstræti 17 og haldinn af setuuppboðshaldara, Kristjáni Kristjánssyni, samkvæmt sérstöku umboði ...

Fyrir var tekið: Að gefa út uppboðsafsal til Sigtryggs Eypórs-sonar og Þóreyjar Eypórsdóttur fyrir hluta í Hátúni 4, áður þing-lesinni eign Hermanns Haraldssonar.

Nauðungaruppboð á eign þessari fór fram dagana 23. og 31. ágúst 1967. Hæstbjóðandi í eignina var þáverandi eigandi Her-mann Haraldsson, næstbjóðandi í eignina var Eypór Magnús Bær-ingsson f. h. barna sinna, Sigtryggs og Þóreyjar, og var hans boð, kr. 210.000.00, tekið gilt með bókun 21. september 1967, þar sem Hermann Haraldsson hafði ekki gert skil á uppboðsverðinu.

Í réttinum er mættur Eypór M. Bæringsson vegna barna sinna, Sigtryggs og Þóreyjar, og óskar þess að fá uppboðsafsal fyrir eign-inni.

Eftir að mættur hafði greitt allan kostnað uppboðsins og upp-boðsverðið að fullu, lýsti uppboðshaldari því yfir, að hann afsal-aði börnum hans, Sigtryggi Eypórssyni, Vesturgötu 53 C, og Þór-eyju Eypórsdóttur, s. st., hluta í húseigninni nr. 4 við Hátún hér í borg með sama rétti og fyrri eigandi átti eignina.

Miðvikudaginn 12. marz 1969.

Nr. 183/1967. Y (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

X (Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.)

og Z (Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál. Synjunareiður.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. nóvember 1967. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda X, en til vara, að honum verði

dæmdur synjunareiður í málinu. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi X krefst þess aðallega, að áfrýjandi verði dæmdur faðir sveinbarns þess, er hún ól hinn 4. febrúar 1959, og að honum verði dæmt að greiða meðlag með drengnum frá fæðingu hans til fullnaðs 16 ára aldurs hans svo og fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar árið 1959, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst hún þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Z krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er hann varðar, og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og í héraðsdómi greinir, reyndist við blóðrannsókn loku skotið fyrir faðerni stefnda Z að barni stefnda X, er í máli þessu greinir. Ber því þegar af þeirri ástæðu að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um sýknu stefnda Z af faðerni barnsins. Einnig ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar af aðild stefnda Z í máli þessu, enda hefur málinu ekki verið áfrýjað að þessu leyti. Þá ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Z málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

II.

Stefndi X lýsti í fyrstu á bæjarþingi Reykjavíkur 27. maí 1959 stefnda Z föður að greindu sveinbarni sínu og staðhæfði, að hún hefði ekki haft samfarir við nokkurn annan mann en hann á mögulegum getnaðartíma barnsins og raunar ekki heldur á því tveggja til þriggja ára tímabili, er kunningskapur þeirra, hennar og stefnda Z, entist. Neitaði hún því og þá að hafa nokkurn tíma haft samfarir við áfrýjanda.

Er henni var kunngert á bæjarþingi Reykjavíkur 28. júlí 1959, að samkvæmt blóðrannsókn gæti stefndi Z eigi verið faðir barnsins, felldi hún málið gegn honum niður. Gerir hún svo engan reka að höfðun máls til viðurkenningar á

faðerni barnsins fyrr en með bréfi, dags. 28. janúar 1965, til bæjarfógetans í Hafnarfirði, og með bréfi, dags. 6. júlí 1965, sækir hún til dómsmálaráðuneytisins um leyfi til að höfða barnsfaðernismál á hendur áfrýjanda, en leyfi þetta var henni veitt samkvæmt 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936 hinn 8. s. m., og hinn 12. júlí 1967 var henni veitt heimild til að stefna stefnda Z inn í málið.

Á bæjarþingi Hafnarfjarðar 17. september 1965 lýsir hún svo áfrýjanda föður barnsins og skýrir frá því, að hún hafi í eitt skipti, sunnudaginn 25. maí 1958, haft samfarir við áfrýjanda í herbergi hans við Ránargötu hér í borg, eftir að þau höfðu farið saman til Keflavíkur, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Áfrýjandi hefur aftur á móti eindregið neitað því að hafa nokkurn tíma haft samfarir við stefnda X, enda hafi þau aldrei þekkt náíð. Hann kveðst ráma í að hafa farið með stefnda X til Keflavíkur, en segir för þessa að öðru leyti sér úr minni liðna. Þá hefur vitnið D ekki getað borið frekar um samskipti þeirra stefnda X og áfrýjanda, eftir að þau komu úr Keflavíkurförinni, en að hún hafi komið inn í herbergi áfrýjanda, svo sem nánar í hinum áfrýjaða dómi greinir.

Þar sem áfrýjandi hefur eindregið neitað því að hafa nokkurn tíma haft samfarir við stefnda X og þegar það að öðru leyti er virt, sem að framan er rakið, þykir rétt að láta úrslit máls þessa velta á synjunareiði áfrýjanda, þannig að eiðstafurinn taki til þess, að áfrýjandi hafi ekki haft samfarir við hana á mögulegum getnaðartíma barnsins, þ. e. á tímabilinu 10. apríl til 10. júní 1958.

Samkvæmt framangreindu verða málsúrslit þau, að synji áfrýjandi þess með eiði sínum á löglegu varnarþingi innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefnda X á tímabilinu 10. apríl til 10. júní 1958, skal hann vera sýkn af kröfum stefnda X, og fellur þá málskostnaður niður bæði í héraði og hér fyrir dómi, en málssóknarlaun skipaðs talsmanns hennar í héraði, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00, greiðast úr rikissjóði.

Fallist áfrýjandi á eiðnum, skal hann talinn faðir sveinbarns þess, er stefndi X ól hinn 4. febrúar 1959, enda greiði hann þá eftir yfirvaldsúrskurði meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, en af hálfu áfrýjanda hefur fyrningarreglum laga um meðlög eigi verið hreyft. Þá greiði áfrýjandi og eftir yfirvaldsúrskurði stefnda X fæðingarstyrk, barnsfararkostnað, og almennt tryggingariðgjald fyrir árið 1959. Dæma ber áfrýjanda í þessu tilviki, ef hann fellst á eiðnum, til að greiða stefnda X málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00, þar með talin málssóknarlaun talsmanns hennar í héraði, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Akvæði hins áfrýjaða dóms um sýknu stefnda Z af faðerni sveinbarns stefnda X, fædds 4. febrúar 1959, og um greiðslu málskostnaðar í þeim þætti málsins eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Y, greiði stefnda Z málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Ef áfrýjandi synjar þess með eiði sínum á löglegu varnarþingi innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefnda X á tímabilinu 10. apríl til 10. júní 1958, skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, og fellur þá málskostnaður niður bæði í héraði og hér fyrir dómi, en málssóknarlaun skipaðs talsmanns hennar í héraði, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Fallist áfrýjandi á eiðnum, skal hann talinn faðir sveinbarns þess, er stefndi X ól hinn 4. febrúar 1959, enda greiði hann þá meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk, barnsfararkostnað, og almennt tryggingariðgjald fyrir árið 1959,

allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnda X í héraði, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 17. ágúst 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 17. ágúst, var á bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem háð var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af Einari Ingimundarsyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 1/1967: X gegn Y og Z, sem tekið var til dóms þann 14. s. m.

Mál þetta hefur sóknaraðili, X, skrifstofustúlka, . . . , Reykjavík, fædd . . . , höfðað gegn þeim Z bifreiðarstjóra, . . . , Reykjavík, fæddum . . . , og Y kennara, . . . , Hafnarfirði, fæddum . . . , og gert þær kröfur, að annar hvor þeirra verði dæmdur faðir að óskilgetnum syni hennar, sem fæddur er 4. febrúar 1959 og enn mun ekki hafa verið skírður, en er kallaður B, og að því búnu verði sá, sem dæmdur verður faðir barnsins, skyldaður til að greiða meðlag með því, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald fyrir árið 1959 lögum samkvæmt. Hann verði og dæmdur til greiðslu alls málskostnaðar samkvæmt mati dómsins. Til vara krefst sóknaraðili fyllingareiðs.

Varnaraðiljar mótmæla hvor um sig kröfum sóknaraðilja og krefjast sýknu af þeim. Þá krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Atvik máls þessa eru þau sem nú verður rakið:

I.

Þann 27. maí 1959 mætti sóknaraðili fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og kvaðst vilja höfða barnsfaðernismál gegn varnaraðilja Z og gerði þá þær kröfur á hendur honum, sem áður er lýst. Kvaðst sóknaraðili hafa þekkt varnaraðilja Z í 2—3 ár áður og oft á því tímabili haft við hann samfarir. Síðustu samfarir þeirra segir hún hafa átt sér stað aðfaranótt 11. maí 1958. Þá um kvöldið hefðu þau bæði verið á dansleik í Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík og hafi sóknaraðili farið heim til varnaraðilja Z að honum lokn-

um. Hafi þau þá engar varúðarráðstafanir gert til að hindra getnað. Sóknaraðili kvaðst hafa haft á klæðum í apríllök 1958 og ekki síðan fyrr en eftir barnsburðinn. Fullyrti hún í þessu réttarhaldi, að getnaður hefði átt sér stað við áðurnefndar samfarir. Þá lýsti hún yfir því í framburði sínum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur þann 27. maí 1959, að hún hefði ekki verið með neinum öðrum karlmanni en varnaraðilja Z á hugsanlegum getnaðartíma barnsins og raunar ekki meðan samband hennar og hans stóð.

Þegar sóknaraðili var orðin viss um, að hún væri barnshafandi, sagði hún varnaraðilja Z frá því, en hann neitaði því þegar, að hann væri faðirinn. Hafi hann raunar viðurkennt, að hann hefði lagzt með sóknaraðilja aðfaranótt 11. maí 1958, en hann hafi borið fyrir sig, að sóknaraðili hefði haft samfarir við annan karlmann á getnaðartíma barnsins.

Tilnefndi hann í því sambandi varnaraðilja Y, sem þau sóknaraðili og varnaraðili þekktu bæði. Hélt sóknaraðili því fram í þessu þinghaldi, að hún hefði hvorki fyrr né síðar haft samfarir við þann mann (þ. e. varnaraðilja Y).

Varnaraðili Z kannaðist í áframhaldi af framangreindum framburði sóknaraðilja við, að hann hefði þekkt sóknaraðilja um alllangt skeið og haft nokkrum sinnum samfarir við hana, síðast aðfaranótt 11. maí 1958. Taldi hann þó útilokað, að sóknaraðili hefði orðið þunguð af hans völdum í það skipti, því að hvort tveggja hefði verið, að hann hefði notað getnaðarverjur og auk þess hefðu samfarirnar ekki verið fullkomnar. Sagði hann hafa verið alllangt liðið frá næstu samförum þeirra á undan þeim, sem hér um ræðir, ef til vill í janúar 1958, en síðan alls ekki fyrr en áðurnefndan 11. maí.

Varnaraðili Z kveðst ekki vita með neinni vissu um það, hvort sóknaraðili hafi verið með öðrum karlmönnum á huganlegum getnaðartíma barnsins. Kveðst hann hafa slegið þessu fram í viðtali við sóknaraðilja, þar eð honum hafi verið kunnugt um, að sóknaraðili og varnaraðili Y hafi oft verið saman úti á opinberum skemmtistöðum á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og hafi sóknaraðili farið heim með honum (varnaraðilja Y) í „party“ á eftir. Þetta kveðst varnaraðili Z hafa frétt hjá sameiginlegum kunningja, A, ... í Reykjavík, svo og það, að sóknaraðili hafi verið heima hjá varnaraðilja Y (sem bjó á Ránargötu í Reykjavík) um helgina, áður en þunginn kom undir hjá sóknaraðilja, sem varnaraðilja Z var fyrst í stað eignaður.

Blóðflokkarannsókn fór fram á málsaðiljunum X og Z og barninu, en sú rannsókn útilokaði varnaraðilja Z sem hugsanlegan föður barnsins. Varð niðurstaða rannsóknarinnar annars þessi:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
X	A ₁	M	+	+	—	—
Óskirt sveinbarn, fætt 4/2 1959 . .	O	MN	+	+	+	+
Z	O	MN	+	+	—	+

Ítrekuð blóðflokkarannsókn leiddi til sömu niðurstöðu.

Er sóknaraðilja hafði verið kunngerð þessi niðurstaða, lýsti hún yfir því, að hún óskaði ekki eftir, að dómur yrði látinn ganga í máli því, sem hún hafði áður óskað eftir, að höfðað yrði gegn varnaraðilja Z.

Við lok rannsóknar máls þessa breytti hún þó eftir ábendingu dómarans þeirri afstöðu sinni og ítrekaði fyrri ósk sína um máls-höfðun gegn varnaraðilja Z ásamt varnaraðilja Y.

II.

Með bréfi, dags. 8. júlí 1965, var sóknaraðilja veitt heimild til þess af dómsmálaráðuneytinu að höfða barnsfaðernismál gegn varnaraðilja Y, þótt liðinn væri þá lögákveðinn frestur til höfðunar barnsfaðernismáls. Kom sóknaraðili fyrir bæjarþing Hafnarfjarðar 17. september s. á. og skýrði þá frá samskiptum sínum við varnaraðilja Y á þessa leið, sbr. einnig bréf sóknaraðilja til bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 28. janúar 1965:

Hún segir þau varnaraðilja Y hafa kynnt á samkomum í Reykjavík á árunum 1956—1958. Ekki hafi þó kunningsskapur þeirra orðið náinn, en þau hafi á þessu tímabili m. a. farið saman á skemmtanir með fleira fólki.

Þann 21. maí 1958 segir sóknaraðili gifta vinkonu sína í Keflavík hafa alið barn, og sunnudaginn næsta á eftir, sem muni hafa verið hvítasunnudagur 25. maí, það sóknaraðili varnaraðilja Y, sem þá átti bifreið, um að aka sér til Keflavíkur til að heimsækja konuna á sængina. Hafi varnaraðili Y orðið við þessari beiðni og ekið sóknaraðilja til Keflavíkur, en með í þá för hafi slegizt kunningi varnaraðilja Y, D að nafni. Þegar heimsókninni til sængurkonunnar var lokið, hafi verið ekið á flugvallargistihúsið, en þar hafi verið að störfum kunningi þeirra varnaraðilja Y og D, E að nafni. Hjá manni þessum dvöldu þau öll 3 um stund. Veitti hann þeim sóknaraðilja og varnaraðilja Y áfengi að sögn sóknaraðilja

og gaf þeim að skilnaði áfengi í nestið. Hafi síðan verið ekið til Reykjavíkur og hafi þau sóknaraðili og varnaraðili Y neytt nestisins á leiðinni.

Á þessum tíma hafði varnaraðili Y herbergi á leigu við Ránargötu í Reykjavík. Hafi verið haldið þangað við komuna til Reykjavíkur og hafi þau sóknaraðili og varnaraðili Y farið þangað inn, en D áður nefndur hafi farið á brott í því skyni að sækja vinkonu sína, því að ætlunin hafi verið að halda þegar höfnum gleðskap áfram.

Þegar hér var komið, kveðst sóknaraðili hafa verið orðin talsvert ölvuð, og segir hún varnaraðilja Y hafa verið það einnig. Meðan þau, margnefndir málsaðiljar, biðu þarna eftir D, segir sóknaraðili þau hafa haft samfarir á legubekk í herbergi varnaraðilja Y. Kveðst hún vera þess fullviss, að um fullkomnar samfarir hafi verið að ræða og hafi engar getnaðarverjur verið notaðar né viðhafðar neinar varúðarráðstafanir við samfarirnar. Ekki segir sóknaraðili þau varnaraðilja Y hafa haft samfarir nema í þetta eina skipti, hvorki fyrr né síðar.

Er áður nefndur D kom aftur á fund þeirra málsaðilja, kveðst sóknaraðili hafa viljað fara heim til sín, og fékk hún fyrrnefndan D til að aka sér þangað. Svo sem áður hefur verið lýst, kveðst sóknaraðili síðast hafa haft samfarir við varnaraðilja Z aðfaranótt 11. maí 1958, eða nokkru áður en samfarir þeirra varnaraðilja Y áttu sér stað. Þegar sóknaraðili varð þess vör, að hún var með barni, kveðst hún hafa talið víst, að varnaraðili Z væri faðir barnsins og hafi hún ekki af þeim sökum viljað bendla varnaraðilja Y við málið.

Heldur hún því og fram, að á meðan á rekstri barnsfaðernismálsins gegn varnaraðilja Z stóð, hafi varnaraðili Y óskað eftir því við hana, að hún nefndi hann ekki í því sambandi.

Þessu atriði hefur varnaraðili Y mótmælt sem röngu svo og mörgu fleiru í framburði sóknaraðilja, svo sem síðar verður vikið að.

Eftir að varnaraðili Y blandaðist inn í mál þetta, hefur sóknaraðili haldið fast við þann framburð sinn, að hún hafi ekki haft samfarir við aðra karlmenn á getnaðartíma barnsins en þá varnaraðilja Z og Y.

Hún segir sér hafa fallizt hendur, er varnaraðili Z útilokaðist frá því að geta verið faðir barnsins, og hafi hún af þeim sökum ekki gert reka að því að afla faðernisviðurkenningar frá varnaraðilja Y fyrr en um vorið 1965. Hún segir drenginn, sem nefndur

er B, vera mjög líkan varnaraðilja Y, dökkhærðan með brún augu.

Vegna þessa álits sóknaraðilja og af fleiri ástæðum voru að tilhlutan dómarsins teknar ljósmyndir af drengnum B og varnaraðilja Y, meðan á rannsókn máls þessa stóð. Virðist af myndum þessum og samanburði á þeim vera nokkur svipur með drengnum og varnaraðilja Y, þótt ljóst sé, að ekki verði niðurstaða máls þessa byggð á því atriði sérstaklega.

Varnaraðili Y hefur við rannsókn máls þessa tekið fram, að að vísu þekki hann sóknaraðilja og hafi hann verið búinn að þekkja hana nokkur ár fyrir árið 1958. Hins vegar segir hann þau aldrei hafa þekkt náð og hafi aldrei verið neitt ástarsamband milli þeirra.

Segir hann sig ráma í, að þau sóknaraðili og D, sem áður er nefndur, og hann sjálfur hafi eitt sinn farið til Keflavíkur saman, en öll nánari atvik í þeirri ferð séu horfin sér úr minni. Hafi hann átt bifreið um þær mundir og þá haft herbergi á leigu í húsinu nr. ... við Ránargötu í Reykjavík. Varnaraðili Y kveðst þekkja E, sem áður starfaði á hótelinu á Keflavíkurflugvelli, en kveðst ekki muna, hvort þau sóknaraðili og hann komu til E í umræddri ferð, né heldur naumast, hvort áfengi hafi verið haft um hönd í ferðalaginu, en kveðst þó geta fullyrt, að ekki hafi verið svo mikil brögð að áfengisneyzlu, að ekki muni hann greinilega, hvað gerðist í ferðinni og eftir að henni lauk. Ekki kveðst varnaraðili Y heldur muna, hvor þeirra D hafi ekið bifreiðinni í umræddri ferð, en D hafi verið góður kunningi sinn og hafi hann oft ekið bifreið hans (varnaraðilja Y), þegar þeir voru saman. Varnaraðili Y kveðst ekki muna eftir, að neitt minnisvert hafi gerzt í ferð þessari, sem hér ræðir um, né eftir að henni lauk og muni hann ekki, hvort sóknaraðili hafi komin inn í herbergi hans að ferðinni lokinni, og fullyrðir, að hann hafi hvorki haft samfarir við hana að lokinni ferðinni né nokkru sinni fyrr né síðar. Hefur hann haldið fast og staðfastlega við þennan framburð sinn frá upphafi til enda og hafa ítrekaðar samprófanir þeirra sóknaraðilja og varnaraðilja Y um það, sem á milli ber í framburðum þeirra, ekki leitt til neinnar niðurstöðu né árangurs.

Þess skal getið hér, að varnaraðili Y á, að eigin sögn, 3 börn utan hjónabands, og voru þau sumarið 1966 á aldrinum 7—11 ára.

Kvaddir hafa verið sem vitni við rannsókn máls þessa þeir D, ..., Hellissandi, og E, ..., Reykjavík, en þeirra hefur beggja verið getið áður.

Vitnið D skýrir svo frá, að það þekki vel varnaraðilja Y, enda hafi þeir verið leikfélagar og vinir frá barnæsku. Segir það sig ráma í, að þeir varnaraðili Y færu fyrir nokkrum árum saman til Keflavíkur og hittu þar kunningja hans E. Segir vitnið sig minna, að stúlka að nafni X (sóknaraðili) hafi verið með í förinni. Kveðst vitnið muna mjög óljóst eftir þessari ferð og ekki minnst þess, að neitt markvert gerðist í henni. Segist það ekki muna eftir, að vín hafi verið haft um hönd í ferðinni, en segir sig ráma í, að eitthvað hafi verið komið við í herbergi varnaraðilja Y á Ránargötu í Reykjavík, þegar komið var frá Keflavík, og að þangað hafi komið fleira fólk um kvöldið. Kveðst vitnið muna, að sóknaraðili kom inn í herbergi varnaraðilja Y, og segir sig ráma í, að það hafi ekið henni heim til hennar síðar um kvöldið. Hins vegar kveðst vitnið ekki muna eftir, að það hafi náð í neina stúlku, hvorki F, sem sóknaraðili ber, að vitnið hafi gert, né aðra. Kveðst það þó þekkja F þessa lauslega. Ekki kveðst vitnið muna eftir neinu sérstöku frá þessu umrædda kvöldi, og ekki minnst það þess, að sérstaklega ástúðlegt væri með málsaðiljum, sem hér koma við sögu, í ferðalagi þessu eða eftir að komið var til Reykjavíkur.

Vitnið E, nú skrifstofustjóri, . . . , Reykjavík, kveðst hafa starfað á flugvallarhótelinu á Keflavíkurflugvelli á árunum 1954—1959. Minnst vitnið þess, að þau sóknaraðili, sem það kveðst kannast við, og varnaraðili Y, sem það kveðst þekkja, hafi eitt sinn komið í heimsókn til þess á flugvallarhóтелиð, meðan það starfaði þar. Man það þó ekki greinilega, hvenær það var, en telur þó, að það hafi verið síðari hluta þess tímabils, sem það starfaði á hotelinu, og ekki kveðst það muna eftir, að varnaraðili Y hafi nema í eitt skipti heimsótt vitnið á áður nefnt hótél í fylgd með sóknaraðilja. Ekki kveðst það muna, hvort áður nefnt vitni, D, var í för með þeim sóknaraðilja og varnaraðilja Y í umrætt skipti, en segir D oft hafa verið í fylgd með honum (varnaraðilja Y), þegar hann heimsótti vitnið.

Ekki hefur náðst til F, sem áður er nefnd, til að taka af henni skýrslu um málsatvik, enda mun hún hafa dvalið erlendis, meðan á rannsókn máls þessa stóð, og mun nú vera gift kona og búa í Kaupmannahöfn.

Barnið, sem sóknaraðili ól þann 4. febrúar 1959, vó við fæðingu 2.530 gr. og var þá 48 cm á lengd. Samkvæmt álitssgerð Ólafs Einarssonar, héraðslæknis í Hafnarfirði, er líklegasti getnaðartími fullburða barns, sem fæðist á áður nefndum tíma, í maí-

mánuði 1958. Hugsanlegur getnaðartími er þó frá 10. apríl til 10. júní sama ár.

Blóðflokkarannsókn fór fram á barninu og málsaðiljum, og samkvæmt henni getur varnaraðili Y verið faðir barnsins, en niðurstaða rannsóknarinnar varð annars þessi:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c	e
X	A ₁	M	+	+	—	—	
Óskirt sveinbarn, fætt 4/2 1959	O	MN	+	+	+	+	
Y	A ₁	MN	—	+	+	+	+

Einsætt telst, að sýkna beri varnaraðilja Z af kröfum sóknaraðilja í máli þessu, þar eð endurtekin blóðrannsókn á honum, barninu og sóknaraðilja leiddi í ljós, að hann getur ekki verið faðir barnsins.

Hvað varnaraðilja Y snertir, stendur þar hins vegar staðhæfing gegn staðhæfingu um aðalatriði málsins, svo sem framburðir varnaraðilja Y og sóknaraðilja, sem raktir eru hér að framan, bera með sér.

Hefur sóknaraðili staðfastlega haldið því fram, eftir að varnaraðili Y blandaðist inn í málið, að þau hafi haft samfarir á áður nefndum stað og tíma og sé engum öðrum til að dreifa en varnaraðilja Y um faðerni barnsins, eftir að varnaraðili Z útilokaðist frá faðerninu, en varnaraðili Y hins vegar jafneindregið neitað því, að hann hafi nokkru sinni haft samfarir við sóknaraðilja, og geti hann því ekki verið faðir barnsins.

Telst því auðsætt, að úrslit málsins verði að velta á eiði annars hvors aðilja.

Telja verður að vísu, að það rýri gildi framburðar sóknaraðilja yfirleitt í máli þessu, að hún staðhæfði í upphafi rannsóknar þess, að hún hefði ekki haft holdleg mök við annan karlmann á getnaðartíma barnsins en varnaraðilja Z. Þrátt fyrir það telst framburður hennar um samskipti þeirra varnaraðilja Y ekki með öllu ósennilegur. Hefur hún skilmerkilega skýrt frá áður nefndri ferð þeirra til Keflavíkur í maí 1958, en sannað telst með framburðum annarra í málinu, að sú ferð hafi verið farin, og virðist ekkert veikja þann framburð sóknaraðilja, að ferð þessi hafi einmitt verið farin á þeim degi, sem hún hefur til tekið. Það verður ekki heldur talið styrkja framburð varnaraðilja Y og staðhæfingar hans í máli þessu, að hann virðist naumast hafa verið við eina fjöl felldur á þeim tíma, sem barn sóknaraðilja var getið,

en sannað er, að á þeim tíma og áður hefur hann eignast 3 börn óskilgetin, líklega sitt með hverri barnsmóður. Þá skal þess að lokum getið, að frá leikmannssjónarmiði dómarsins virðist vera allsterkur svipur með varnaraðilja Y og drengnum, sem sóknaraðili lýsir hann föður að, samkvæmt ljósmyndum, sem af þeim hafa verið teknar og fylgja skjölum þessa máls, þótt engan veginn verði niðurstaða í málinu látin velta á þessu atriði einu saman.

Samkvæmt framansögðu þykir því rétt að láta úrslit máls þessa vera undir því komin, hvort sóknaraðili vinnur eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu samkvæmt 165. gr. laga nr. 85/1936 innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi ekki haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn en þá varnaraðiljana Z og Y á hugsanlegum getnaðartíma barns þess, sem hún ól þann 4. febrúar 1959, þ. e. á tímabilinu 10. apríl til 10. júní 1958.

Vinni sóknaraðili eiðinn, skal varnaraðili Y teljast faðir að áðurnefndu barni hennar, greiða meðlag með því svo og fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði, svo og greiði þá áðurnefndur varnaraðili Y allan annan kostnað af máli þessu en þann, sem við kemur varnaraðilja Z, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00. Kostnaður, sem stafar af þætti varnaraðilja Z í máli þessu, greiðist hins vegar úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns hans, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

Verði sóknaraðilja hins vegar eiðfall, skal varnaraðili Y vera sýkn af öllum kröfum hennar í máli þessu, en málskostnaður allur þá greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ef sóknaraðili, X, vinnur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi ekki haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn en þá varnaraðiljana Z og Y á tímabilinu 10. apríl til 10. júní 1958, þá skal varnaraðili Y teljast faðir barns þess, sem sóknaraðili ól þann 4. febrúar 1959, enda greiði hann þá meðlag með barninu, fæðingarstyrk til sóknaraðilja svo og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1959, allt samkvæmt úrskurði yfirvalds.

Ef sóknaraðili vinnur eiðinn, greiði varnaraðili Y allan annan kostnað af máli þessu en þann, sem við kemur varnaraðilja Z, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00, en kostnaður sá, sem stafar af þætti varnaraðilja Z í málinu, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns hans, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

Verði sóknaraðilja hins vegar eiðfall, skal varnaraðili Y vera sýkn af öllum kröfum hennar í máli þessu, en málskostnaður allur þá greiðast úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 12. marz 1969.

Nr. 42/1969. **Kristján Pétursson**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Helga Hjálmsyni
(Sveinn Snorrason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. marz 1969. Hann áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 30. ágúst 1968, en útivistardómur gekk í því máli hinn 3. marz 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Áfrýjandi var húsasmíðameistari við húsið nr. 11 við Stóragerði. Ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um fébótaábyrgð áfrýjanda á þeim göllum á íbúðinni, sem fram komu og mál þetta fjallar um. Stefndi gerði áfrýjanda strax viðvart, er bóta-